

Umsögn dómnefndar

**samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjanda um embætti dómara við Landsrétt samkvæmt
auglýsingu í Lögbirtingablaði 13. júní 2025**

Reykjavík, 15. september 2025

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	3
2. Sjóarmið sem nefndin byggir mat sitt á	3
3. Málsmeðferð dómnefndar	5
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	7
5. Mat á hæfni umsækjenda.....	11
5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	11
5.2. Menntun og framhaldsmenntun.....	12
5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður	12
5.3. Reynsla af dómstörfum.....	12
5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður	13
5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum	13
5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður.....	14
5.5. Reynsla af stjórnsýslustörfum	14
5.5.1. Reynsla af stjórnsýslustörfum – samanburður	16
5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.	17
5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	17
5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	17
5.6.2. Fræðibækur, -greinar o.fl.	18
5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður	18
5.7. Reynsla af stjórnun	19
5.7.1. Reynsla af stjórnun – samanburður.....	20
5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	20
5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður	21
5.9. Sérstök starfshæfni.....	22

6. Færni umsækjenda til að semja dóma	22
7. Niðurstaða dómnefndar	24

1. Umsækjendur

Með bréfi 4. júlí 2025 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt. Embættið var auglýst laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 13. júní 2025.

Umsækjendur um embættið eru: Eiríkur Elís Þorláksson dósent, Eyvindur G. Gunnarsson settur dómari við Landsrétt og prófessor og Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála var sú að umsækjendur uppfylltu þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögninni tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til marga atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til

að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir m.a.: „Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvæðni, hæfni og skilvirkni í starfi ... Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórn-sýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám ... Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi ... Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti ... Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi ... Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um

að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpi, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefnin, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tók eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls þessa hafa Jóhannes Sigurðsson nefndarmaður og varamaður hans, Kjartan Bjarni Björgvinsson, vikið sæti í dómnefndinni. Að fenginni tilnefningu Landsréttar var Eva Bryndís Helgadóttir sett *ad hoc* í dómnefndina. Fyrir sátu í nefndinni Ása Ólafsdóttir, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Reimar

Pétursson og Þorgeir Örlygsson. Umsækjendum var sent tölvubréf 16. júlí 2025 þar sem óskað var eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi framangreindra nefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Með tölvubréfi 21. júlí 2025 gerði einn umsækjenda athugasemdir við sérstakt hæfi tveggja nefndarmanna. Á fundi nefndarinnar 7. ágúst 2025 voru athugasemdir umsækjandans teknar til umfjöllunar og afgreiðslu. Nefndin tók rökstudda afstöðu til athugasemda umsækjandans en nefndarmennirnir sem athugasemdirnar beindust að viku við þá afgreiðslu. Taldi nefndin ekki vera til staðar neinar ástæður sem gætu valdið vanhæfi nefndarmanna til meðferða framangreindra umsókna.

Að þessu gættu telst dómnefndin hafa verið fullskipuð að lokinni framangreindri afgreiðslu á fundi nefndarinnar 7. ágúst síðastliðinn og voru umsóknir umsækjenda þá teknar til umfjöllunar. Samkvæmt 10. gr. reglna nr. 970/2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar frá þeim degi.

Í framangreindri auglýsingu frá 13. júní 2025 var meðal annars áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembætti upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Í þeim tilvikum sem umsækjendur tilgreindu sömu umsagnaraðila og höfðu veitt dómnefnd umsagnir um þá í fyrra matsferli á árinu 2024 voru þær umsagnir lagðar til grundvallar að ósk umsækjendanna.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 25. ágúst 2025.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 5. september 2025, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 11. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort þau hygðust gera athugasemdir og að þær yrðu þá sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá einum umsækjanda sem leiddu smávægilegra breytinga á umsögn dómnefndar.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. og 6. kafli hafa að geyma mat dómnefndar á hæfni þeirra á grundvelli þeirra megin-sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum kafla eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda og þeim gögnum sem umsækjendur létu dómnefnd í té. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Eiríkur Elís Þorláksson er fæddur 4. mars 1976 og er því 49 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2001 og LL.M.-námi við King's College í London 2008. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði 2002 og fyrir Hæstarétti 2008. Þá lauk hann prófi til að teljast hæfur stjórnarmaður í váttryggingafélagi 2011. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd. Á árinu 2002 hóf hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu en varð meðeigandi að lögmannsstofu árin 2004 til 2011. Frá 2012 hefur hann starfað við lagadeild Háskólans í Reykjavík, fyrst sem lektor en dósent frá 2017, auk þess sem hann hefur jafnframt sinnt lögmannsstörfum á þeim tíma. Frá mars 2019 til apríl 2024 gegndi hann starfi deildarforseta lagadeildar Háskólans í Reykjavík. Hann hefur sinnt kennslu á sviði fjármunaréttar, einkamálaréttarfars, fullnusturéttarfars, gjaldþrotaskiptaréttar og alþjóðlegs einkamálaréttar. Auk þess sinnti umsækjandinn stundakennslu í félagarétti, kröfurétti og réttarfari á árunum 2002 til 2007 við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, skaðabótarétti við Háskólann á Bifröst árin 2012 og 2014, og hefur frá 2017 kennt fullnusturéttarfar á námskeiðum Lögmannafélags Íslands vegna öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður. Hann hefur einnig leiðbeint nemendum við skrif lokaritgerða við alla þrjá framangreinda háskóla. Umsækjandinn hefur ritað tvær bækur á sviði réttarfars, annars vegar bókina „Alþjóðlegur einkamálaréttur“ og hins vegar „Bráðabirgðagerðir“ en þær eru báðar ritrýndar. Hann hefur skrifað einn ritrýndan bókarkafla og 14 ritrýndar fræðigreinar, þar af eru þrjár ritaðar ásamt öðrum. Auk þess hefur hann skrifað þrjá óritrýnda bókarkafla, einn þeirra var ritaður ásamt öðrum. Hann hefur haldið fyrirlestra um lögfræðileg málefni við ýmis tilefni

hérlandis og erlendis auk þess sem hann var í ritstjórn Tímarits Lögréttu 2014 til 2022. Þá var hann ritari kærunefndar útboðsmála 2002 til 2007 og varaformaður nefndar um dómaraastörf 2016 til 2021 þar sem hann tók sæti í einu máli. Hann var varamaður í óbyggðanefnd 2010 til 2023 þar sem hann tók sæti sex málum og hefur verið nefndarmaður í réttarfarsnefnd frá 2022. Umsækjandinn hefur einnig verið varadómari í Endurupptökudómi frá 2021 þar sem hann hefur setið sem dómari í um 30 málum, verið settur dómari við Landsrétt í þremur málum árið 2021, um rúmlega tveggja mánaða skeið í lok árs 2024 og svo frá 1. maí 2025 fram til 19. júní sama ár. Auk þessa hefur hann einu sinni átt sæti í gerðardómi. Þá hefur umsækjandinn verið dómkvaddur mats- eða yfirmatsmaður í nokkrum fjölda mála og samið yfir 400 matsgerðir auk þess að hafa verið tilnefndur sem sérfræðivitni í erlendum dómsmálum. Af öðrum aukastörfum má nefna að umsækjandinn var deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík í níu mánuði á árinu 2021, var settur ad hoc deildarforseti verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík í einu máli á árinu 2022, var settur dómari við áfrýjunardómstól HSÍ árið 2021 og hefur verið varadómari við dómstól HSÍ frá árinu 2022. Árið 2023 var hann settur sem lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu í einu máli og sem formaður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í einu máli. Hann hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga, svo sem Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Stoða hf., sat í stjórn Bókaútgáfunnar Codex 2001 til 2007 og gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands, þar af formaður 2022 til 2024. Þá var hann formaður fagráðs kaþólsku kirkjunnar á Íslandi 2011 til 2012 og formaður handknattleiksdeildar Gróttu árin 2009 til 2014.

Eyvindur G. Gunnarsson er fæddur 31. ágúst 1970 og er því 55 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1996 og LL.M.-námi við Duke University School of Law vorið 1998. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1997 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 2006. Að loknu embættisprófi starfaði hann sem deildarstjóri í umhverfissráðuneytinu 1996 til 1997. Hann starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 1998 til 2000 og á sama ári sem deildarsérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Hann var sjálfstætt starfandi lögmaður 2000 til 2006 en hefur frá þeim tíma starfað við lagadeild Háskóla Íslands. Þar var hann lektor frá 2006 til 2010, dósent frá 2010 til 2013 en hefur frá þeim tíma

verið prófessor, þar af forseti lagadeildar Háskóla Íslands frá 2013 til 2016. Umsækjandinn er settur dómari við Landsrétt frá 1. október 2024 auk þess að vera í 30% stöðu sem prófessor því samhliða. Auk fyrrgreindra starfa við kennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá 2006 var umsækjandi stundakennari við deildina frá 1999 til 2006. Helstu kennslugreinar hans hafa verið kröfuréttur, samningaréttur, alþjóðlegur einkamálaréttur, félagaréttur og eignaréttur. Þá kenndi hann á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður frá 2007 til 2021 og á námskeiði til löggildingar fasteignasala frá 1998 til 2022. Hann hefur frá 1998 leiðbeint fjölda nemenda við meistaranitgerðir. Bækur sem hann hefur ritað einn eða með öðrum eru „Dómar í þinglýsingarmálum 1920-2010“ sem hann er einn höfundur að og „Kröfuréttur I“, „Kröfuréttur II“, „Þinglýsingalög – skýringarit“, „Kröfuréttur III“ og „Hrunaréttur“ sem hann ritaði ásamt öðrum. Þá hefur hann fengið birtar yfir 40 greinar og bókarkafli á sviði lögfræði, þar af eru flestar greinanna ritrýndar og 13 þeirra með öðrum höfundum. Þá hefur hann sinnt ritstjórn og ritrýni og tekið þátt í innra starfi lagadeildar Háskóla Íslands. Meðal annars hefur hann setið í stjórn Lagastofnunar, vísindanefnd lagadeildar og í stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora en einnig verið formaður kærunefndar í málefnum nemenda við skólann. Af öðrum aukastörfum hans má nefna að hann var á árinu 2018 settur dómari í tíu málum í Hæstarétti og hefur verið settur dómari í einu máli fyrir Landsrétti. Hann var varamaður í endurupptökunefnd frá 2013 til 2017 þar sem hann tók þátt í afgreiðslu nokkurra mála. Hann hefur verið gerðarmaður í fimm málum, meðal annars Gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands og í gerðardómi á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands. Einnig var hann dómandi við Endurupptökudóm á tímabilinu 2021 til 2024. Hann sat í áfrýjunarnefnd neytendamála 2007 til 2013 og sem formaður í ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlara, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða 2013 til 2024. Hann sat í stjórn Löggildingarstofu 2003 til 2005, var formaður stjórnar Happraættis Háskóla Íslands 2007 til 2023. Hann var varamaður í stjórn Samkeppniseftirlitsins 2005 til 2013 og aðalmaður 2013 til 2017, þar af stjórnarformaður 2014 til 2015. Þá var hann lögfræðilegur ráðgjafi rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008 og sömu nefndar um rannsókn á aðdraganda og orsökum

erfiðleika og falls sparisjóðanna. Hann sat í stjórn Lögfræðingafélags Íslands á árunum 2007 til 2014, þar af sem formaður 2013 til 2014. Eyvindur hefur komið að vinnu við á annan tug lagafrumvarpa, bæði einn, í samvinnu við aðra og sem starfsmaður nefnda sem hafa undirbúið þau.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir er fædd 30. janúar 1967 og er því 58 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1993. Umsækjandinn útskrifaðist með diplómu í þjóðarrétti árið 1995 frá Háskólanum í Helsinki í Finnlandi og diplómu í viðskipta- og rekstrarfræði árið 2000 frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Hún hóf meistaranám á sviði mannréttinda við Global Campus of Human Rights and Democracy í Feneyjum haustið 2024. Í febrúar 2025 hófst rannsóknarhluti námsins í Háskólanum í Nottingham og skilaði hún meistararitgerð í júlí á þessu ári. Umsækjandinn öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1994 og réttindi til þess að flytja mál fyrir Hæstarétti 2002. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið í endurmenntun um lögfræðileg efni, meðal annars hjá háskólum og félagasamtökum hérlandis og erlendis. Að loknu laganámi 1993 starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá Ábyrgðasjóði launa til ársins 1994 og árin 1994 til 1996 sem lögfræðingur hjá vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Vorið 1996 hóf hún rekstur eigin lögmannsstofu og fasteignasölu í félagi við annan lögmann sem stóð til vorsins 2001 þegar hún stofnaði lögmannsstofu sem hún starfar nú og hefur rekið ein frá þeim tíma. Umsækjandinn sinnti stundakennslu í eignarrétti, kröfurétti og almennri lögfræði við Háskólann á Bifröst árin 2007 til 2023 og stundakennslu í kröfurétti við Háskólann á Akureyri 2024 til 2025. Auk þessa hefur hún sinnt kennslu og flutt fyrirlestra um lögfræðileg málefni, meðal annars hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og á vegum Mannréttindastofnunar og Þróunarsjóðs EFTA. Umsækjandinn hefur tvisvar verið oddamaður í gerðardómi. Hún sat í kærunefnd útlendingamála frá júní 2016 til desember 2024 og var formaður úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur frá 2011 til 2019. Þá sat hún í nefnd um eftirlit með störfum lögreglunnar árin 2017 til 2025 og hefur sinnt hlutverki varamanns frá því í febrúar á þessu ári. Umsækjandinn var formaður yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar á árunum 2001 til 2022 ásamt því að vera nefndarmaður í húsnæðisnefnd, félagsmálanefnd og fjölskyldunefnd sveitarfélagsins árin 1994 til 2022. Hún hefur setið í nefndum á vegum ríkisins og gegnt

trúnaðarstörfum í stjórnnum ýmissa stofnana og félagasamtaka bæði innanlands og erlendis. Meðal annars sat hún í stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja 2011 til 2015, þar af sem formaður frá 2013. Þá var umsækjandinn stjórnarmaður og formaður Kvenréttindafélags Íslands árin 2000 til 2009.

5. Mat á hæfni umsækjenda

5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2016 er í átta töluliðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti landsréttardómara þurfa að uppfylla til að skipa megí þá í embættið. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölulið, hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta, sbr. 5. tölulið, hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum, sbr. 6. tölulið og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, sbr. 8. tölulið. Eins og áður greinir hefur ráðherra, í samræmi við 3. gr. reglna nr. 970/2020, látið staðreyna að umsækjendurnir uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulið 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Enn fremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var meðal annars áskilið í auglýsingu um embættið að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrirverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem

nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni landsréttardómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5.2. Menntun og framhaldsmenntun

Eiríkur Elís Þorláksson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2001 og LL.M.-námi frá King's College í London árið 2008.

Eyvindur G. Gunnarsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og LL.M.-námi frá Duke University School of Law í Norður Karólínu árið 1998.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1993 og útskrifaðist með diplóma í þjóðarrétti árið 1995 frá Háskólanum í Helsinki og diplómu í viðskipta- og rekstrarfræði árið 2000 frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Þá lagði hún stund á meistaranám á sviði mannréttinda við Global Campus of Human Rights and Democracy í Feneyjum frá hausti 2024 og skilaði meistararitgerð sinni í júlí 2025. Formleg útskrift hefur þó ekki farið fram.

5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Eiríkur Elís og *Eyvindur* hafa báðir lokið viðbótarmeistaragráðu í lögum frá erlendum háskólum að loknu embættisprófi. *Þorbjörg Inga* hefur einnig lagt stund á frekara nám á sviði lögfræði að loknu embættisprófi í lögum en hún hefur lokið diplómanámi og stundað meistaranám á sviði mannréttinda. Samkvæmt framansögðu standa umsækjendurnir *Eiríkur Elís* og *Eyvindur* fremstir í þessum matsþætti. *Þorbjörg Inga* kemur skammt þar á eftir.

5.3. Reynolds af dómstörfum

Eiríkur Elís Þorláksson var settur dómari við Landsrétt um rúmlega tveggja mánaða skeið í lok árs 2024 og frá 1. maí til 19. júní 2025. Þar að auki hefur hann tekið sæti sem varadómari í Landsrétti í þremur málum. Hann hefur verið varadómandi í

Endurupptökudómi frá 2021 og hefur setið í yfir 30 málum. Þá hefur hann einu sinni tekið sæti í gerðardómi.

Eyvindur G. Gunnarsson hefur verið settur dómari við Landsrétt frá 1. október 2024. Að auki hefur hann verið settur varaðómari í einu máli við réttinn. Þá var hann settur dómari við Hæstarétt í tíu málum árið 2018. Hann var aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur um tveggja ára skeið 1998 til 2000 og var dómandi við Endurupptökudóm frá ársbyrjun 2021 fram til 30. september 2024. Auk þess hefur hann verið gerðarmaður í fimm málum, þar af oddamaður í fjórum þessara mála og samdi atkvæði.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hefur tvisvar tekið sæti sem oddamaður í gerðardómi.

5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður

Samkvæmt framansögðu hafa tveir umsækjendur reynslu af því að hafa starfað sem dómarar við Landsrétt auk þess sem annar þeirra hefur verið settur dómari við Hæstarétt í tíu einkamálum. Af umsóknargögnum má ráða að þeir hafa bæði fengist við einkamál og sakamál á þeim tíma sem þeir hafa verið settir dómarar í Landsrétti. Þeir hafa auk þess báðir verið dómendur í Endurupptökudómi. Þá hafa allir umsækjendur hafa reynslu af því að starfað í gerðardómi. Við mat á hæfni að því er þennan þátt varðar vegur þessi reynsla eðlilega þyngst og skiptir þar meðal annars máli hvort umsækjandi hefur fengist jöfnum höndum við einkamál og sakamál. Störf aðstoðarmanna dómara hafa þó eðli máls samkvæmt minna vægi.

Samkvæmt framansögðu stendur *Eyvindur* fremstur í þessum matsþætti, næstur honum er *Eiríkur Elís*. Loks kemur *Þorbjörg Inga* sem hefur mun minni reynslu af dómstörfum en aðrir umsækjendur.

5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum

Eiríkur Elís Þorláksson öðlaðist árið 2002 réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og árið 2008 fyrir Hæstarétti Íslands. Hann starfaði sem lögmaður frá 2002 til 2012 en hefur frá þeim tíma til þessa dags sinnt lögmannsstörfum í hlutastarfi. Hann

hefur flutt fjölda mála fyrir dómstólum á öllum dómstigum, bæði einkamál og sakamál, auk þess að flytja mál fyrir gerðardómi.

Eyvindur G. Gunnarsson hlaut réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1997 og Hæstarétti 2006. Hann var sjálfstætt starfandi lögmaður 2000 til 2006 eða í sex ár og hefur flutt mál fyrir dómi bæði einkamál og sakamál.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir öðlaðist málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi 1994 og Hæstarétti 2002. Hún hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður með eigin rekstur í tæpa þrjá áratugi. Hún hefur fengist við fjölpætt málflutningsstörf og flutt fjölda mála á öllum dómstigum bæði einkamál og sakamál.

5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður

Allir umsækjendur hafa fengist við lögmanns- og málflutningsstörf en í mislangan tíma. Við mat á umsækjendum í þessum matsþætti er litið til þess hve lengi þeir hafa starfað sem lögmenn, þar á meðal hvort þeir hafi haft réttindi til flutnings mála fyrir æðri dómi. Einnig er horft til þess hvort umsækjendur hafi unnið sjálfstætt að lögmannsstörfum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn, hvort þeir hafi gert það samhliða öðrum störfum, hvort þeir hafi flutt mál fyrir dómstólum og hvort störf þeirra hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum eða einungis á afmörkuðum sviðum. Jafnframt skiptir máli hvort þeir hafi flutt vandasöm mál fyrir dómi, ekki síst Hæstarétti og Landsrétti, svo og hvort önnur mál, sem þeir hafa fengist við sem lögmenn, hafi verið yfirgripsmikil eða flókin úrlausnar, eftir því sem ráða má af umsóknargögnum.

Samkvæmt framansögðu stendur *Þorbjörg Inga* fremst í þessum matsþætti sem hefur gegnt lögmennsku að aðalstarfi í rúm 29 ár. Þar á eftir kemur *Eiríkur Elís* sem starfaði sem lögmaður í 10 ár og hefur sinnt lögmennstörfum í hlutastarfi frá 2012. Loks kemur *Eyvindur* sem var sjálfstætt starfandi lögmaður í sex ár.

5.5. Reynsla af stjórnsýslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Eiríkur Elís Þorláksson var á árunum 2001 til 2002 lögfræðingur hjá óbyggðanefnd um tíu mánaða skeið og kom meðal annars að samningu fyrstu úrskurða nefndarinnar. Þá var hann varamaður í nefndinni 2010 til 2023 og tók sæti í sex málum. Hann starfaði sem ritari kærunefndar útboðsmála 2002 til 2007 og samdi drög að úrlausnum í málum. Árin 2016 til 2021 var hann varaformaður nefndar um dómastörf og tók sæti í einu máli þar sem hann samdi drög að niðurstöðu. Í störfum sínum við lagadeild Háskólans í Reykjavík, þar með talið sem deildarforseti við deildina 2019 til 2024, sem og tímabundið við aðrar deildir, hefur hann þurft að gæta að reglum stjórnisýsluréttar við afgreiðslu tiltekinna mála, þrátt fyrir að um sé að ræða sjálfseignarstofnun. Þetta á einnig að nokkru leyti við um störf hans í rannsóknarráði skólans og valnefnd vegna ráðninga. Loks hefur hann verið settur sem lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu í einu máli og sem formaður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í einu máli.

Eyvindur G. Gunnarsson starfaði að loknu lagaprófi 1996 um rúmlega eins árs skeið í umhverfisráðuneytinu þar sem meginhluti starfs hans fólst í að semja úrskurði á ábyrgð ráðherra í skipulags- og byggingarmálum og málum vegna mats á umhverfisáhrifum, alls um 20 úrskurði. Hann starfaði á árinu 2000 í um sex mánuði sem sérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu en það starf fólst að miklu leyti í undirbúningi lagasetningar. Á árinu 2002 sat hann í samkeppnisráði ad hoc í tveimur málum. Hann var framkvæmdastjóri prófnefndar löggiltra fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala árin 1998 til 2003 og sat í nefndinni árin 1999 til 2004. Hann var stjórnarformaður Flutningsjöfnunarsjóðs sements árin 2002 til 2004 og sat í stjórn Löggildingarstofu árin 2003 til 2005. Hann sat í áfrýjunarnefnd neytendamála 2007 til 2013 og sat þar í 90 málum. Þá var hann varamaður í endurupptökunefnd 2013 til 2017 og tók þar sæti í nokkrum málum. Hann sat í stjórn Samkeppniseftirlitsins, sem varamaður árin 2005 til 2013 og aðalmaður árin 2013 til 2017, þar af sem stjórnarformaður 2014 til 2015. Árin 2013 til 2017 sat hann í prófnefnd verðbréfavíðskipta. Þá var hann forseti lagadeildar Háskóla Íslands um þriggja ára skeið. Hann hefur frá 2013 setið í ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlits Seðlabankans um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlana, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða og verið formaður hennar frá 2015, formaður viðurlaganefndar Nasdaq

Iceland hf. frá 2013 og formaður fastanefndar dómsmálaráðuneytis á sviði happdrættismála frá 2007. Að auki hefur hann gegnt ýmsum stjórnsýslustörfum innan Háskóla Íslands, svo sem formennsku í stjórn Hæðingis Háskóla Íslands í um 16 ár, setið í stjórn Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands í sex ár, verið varamaður í háskólaráði og setið í kærunefnd í málefnum nemenda skólans. Auk þess hefur hann setið í vísindanefnd lagadeildar Háskóla Íslands, vísindanefnd félagsvísindasviðs hans, jafnréttisnefnd sama sviðs, dómnefndum, prófnefndum, valnefndum og sjálfsmatsnefndum.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir starfaði sem lögfræðingur hjá Ábyrgðasjóði launa 1993 til 1994 hjá vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins 1994 til 1996. Hún sat í kærunefnd útlendingamála frá júní 2016 til desember 2024 og var formaður úrskurðarnefndar um sanngirnibætur 2011 til 2019. Þá sat hún í nefnd um eftirlit með störfum lögreglunnar 2017 til 2025 og hefur sinnt hlutverki varamanns frá því í febrúar á þessu ári. Umsækjandinn var formaður yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar 2001 til 2022 ásamt því að vera nefndarmaður í húsnæðisnefnd, félagsmálanefnd og fjölskyldunefnd sveitarfélagsins 1994 til 2022.

5.5.1. Reynsla af stjórnsýslustörfum – samanburður

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnsýslustörfum. Í sumum tilvikum hafa stjórnsýsluverkefni verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki jafn þungt við mat á hæfni vegna stjórnsýslureynslu og ef um aðalstarf hefði verið að ræða. Þó skiptir máli hversu vel reynsla í slíkum störfum nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir umfangi, fjölbreytni og lengd starfstíma. Tekið skal fram að reynsla af stjórnun er sérstakur matsþáttur.

Með hliðsjón af framangreindu eru ekki efni til að gera upp á milli umsækjenda í þessum þætti matsins.

5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Eiríkur Elís Þorláksson hefur sinnt kennslu við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2012 á sviði fjármunaréttar, einkamálaréttarfars, fullnusturéttarfars, skuldaskilaréttar og alþjóðlegs einkamálaréttar, fyrst sem lektor en sem dósent frá 2017. Þá annaðist hann stundakennslu við viðskiptadeild Háskóla Íslands 2002 til 2007 og 2012 til 2014 við lagadeild Háskólans á Bifröst. Auk þess hefur hann frá árinu 2017 kennt á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður og á réttindanámskeiði fyrir þá sem vilja öðlast löggildingu sem bifreiðasalar 2000 til 2001. Hann hefur verið leiðbeinandi í fjölda BA- og meistararitgerða við lagadeild Háskólans í Reykjavík og aðra háskóla.

Eyvindur G. Gunnarsson hóf haustið 1999 kennslu við lagadeild Háskóla Íslands sem stundakennari. Hann varð í ársbyrjun 2005 lektor við deildina, fyrst í hlutastarfi, en í fullu starfi í árslok 2006, dósent árið 2010 og prófessor frá árinu 2013. Frá 1. október 2024 hefur hann sinnt stöðu prófessors í 30% hlutfalli. Helstu kennslugreinar hans hafa verið kröfuréttur, samningaréttur, alþjóðlegur einkamálaréttur, félagaréttur og eignaréttur. Þá kenndi hann á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður frá 2007 til 2021 og í námi til löggildingar fasteignasala frá 1998 til 2022. Auk þess hefur hann leiðbeint fjölda nemenda við meistararitgerðir á háskólastigi.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir sinnti stundakennslu í eignarétti, kröfurétti og almennri lögfræði við Háskólann á Bifröst árin 2007 til 2023 og stundakennslu í kröfurétti við Háskólann á Akureyri 2024 til 2025. Auk þessa hefur hún annast kennslu í lögfræðigreinum við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Viðskiptaháskóla VTN.

5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Þegar horft er til þess sem að framan er rakið hefur *Eyvindur* sinnt kennslu í 26 ár. Hann hefur verið í fullu starfi sem háskólakennari í rúm 17 ár, þar af sem prófessor síðan 2013 eða í 12 ár. Stendur hann öðrum umsækjendum því framar í þessum

matsþætti. Næstur á eftir honum kemur *Eiríkur Elís* en hann hefur sinnt kennslu í lögfræði á háskólastigi í um 13 ár að aðalstarfi, þar af sem dósent frá 2017 eða í átta ár. Loks kemur *Þorbjörg Inga* sem hefur fengist við stundakennslu í háskólum meðfram aðalstarfi síðustu 17 árin.

5.6.2. Fræðibækur, -greinar o.fl.

Eiríkur Elís Þorláksson hefur ritað tvær bækur um lögfræði, „Alþjóðlegan einkamálarétt“ og „Bráðabirgðagerðir“ og eru þær báðar ritrýndar. Þá hefur hann ritað 14 ritrýndar greinar, tvo ritrýnda bókarkafla og tvo óritrýnda bókarkafla, bæði einn og sem meðhöfundur, sem birst hafa hér á landi og erlendis. Eru skrif hans einkum á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar og fullnusturéttarfars. Hann hefur og flutt allmarga fyrirlestra, bæði hér á landi og erlendis, um ýmis lögfræðileg efni.

Eyvindur G. Gunnarsson hefur ritað bókina „Dómar í þinglýsingarmálum 1920-2010“ sem hann er einn höfundur að og er höfundur ásamt öðrum að bókunum „Kröfuréttur I“, „Kröfuréttur II“, „Þinglýsingalög – skýringarit“, „Kröfuréttur III“ og „Hrunréttur“. Þá hefur hann ritað yfir 40 greinar og bókarkafla í tímaritum og afmælisritum bæði hér á landi og erlendis, bæði einn og sem meðhöfundur, og eru flestar greinanna ritrýndar. Þá hefur hann ritað skýrslur og álitsgerðir sem birst hafa opinberlega.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hefur flutt ýmsa fyrirlestra um lögfræðileg málefni á vegum Mannréttindaskrifstofu Íslands, Þróunarsjóðs EFTA og hjá Reykjavíkurborg.

5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli fræðiskrifa þeirra, fyrst og fremst fræðigreina, og annarra skrifa um lögfræðileg efni. Við matið er litið til gæða þeirra, fjölda, umfangs og fjölbreytni, auk þess sem horft er til þess hvort hlutaðeigandi umsækjandi hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af fyrirlestrum og erindum, sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg efni á ráðstefnum, fundum eða öðrum áþekktum vettvangi. Síðastnefndi þátturinn er þó tiltölulega léttvægur í samanburði við fræðiskrif.

Að öllu framangreindu virtu stendur *Eyvindur* framar öðrum umsækjendum í þessum hluta hæfnismats. Ritverk hans bera þess merki að hann hefur verið afkastamikill á fræðilegum vettvangi og á nokkuð fjölbreyttum réttarsviðum. Sama má segja um *Eirík Elís* sem þó stendur *Eyvindi* nokkuð að baki í þessum matsþætti. Loks kemur *Þorbjörg Inga*.

5.7. Reynsla af stjórnun

Eiríkur Elís Þorláksson sat sem einn eigenda lögmannsstofunnar LEX í stjórn hennar 2006 til 2007. Hann var stjórnarformaður Stoða hf. 2009 til 2014 og hefur frá árinu 2019 setið í varstjórn félagsins. Þá sat hann í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. 2011 til 2013. Hann var einnig framkvæmdastjóri Tryggingasjóðs innstæðueigenda í nokkra mánuði eftir bankahrun árið 2008. Auk þessa hefur hann haft með hendi stjórnunarstörf í lagadeild Háskólans í Reykjavík og var deildarforseti hennar 2019 til 2024. Auk þess var hann deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík í níu mánuði á árinu 2021 og var settur ad hoc deildarforseti verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík í einu máli á árinu 2022. Hann hefur verið formaður úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í einu máli, er formaður Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands og var formaður fagráðs kaþólsku kirkjunnar á Íslandi 2011 til 2012.

Eyvindur G. Gunnarsson var deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands 2013 til 2016 og hefur verið varaformaður Lagastofnunar hans. Hann var stjórnarformaður Happraðttis Háskóla Íslands 2007 til 2023. Hann sat í fjögur ár í aðalstjórn Samkeppniseftirlitsins, þar af sem formaður um eins árs skeið og átta ár í varastjórn stofnunarinnar. Frá árinu 2015 hefur hann verið formaður ráðgjafarnefndar Fjármálaeftirlits Seðlabankans um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlana, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða. Þá hefur hann verið formaður viðurlaganefndar Nasdaq Iceland hf. frá 2013.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hefur rekið eigin lögmannsstofu frá árinu 1996 og sat í stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja 2011 til 2015, þar af sem formaður frá 2013. Hún var jafnframt formaður Úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur 2011 til 2019, formaður yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar 2002 til 2020 og varaformaður félags- og barnaverndarnefndar sveitarfélagsins 2002 til 2022. Hún var framkvæmdastjóri

Kvennaráðgjafarinnar 1996 til 2024, stjórnarformaður Bjarkarhlíðar í Reykjavík 2019 til 2023 og stjórnarmaður í Bjarmahlíð á Akureyri 2018 til 2024. Þá sat hún í stjórn Kvenréttindafélags Íslands 1999 til 2009, lengst af sem formaður félagsins, eða frá 2000 og í stjórn International Alliance of Women.

5.7.1. Reynolds af stjórnun – samanburður

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík störf hafa verið fólgin, þar á meðal hversu góður undirbúningur felst í þeim fyrir starf landsréttardómara. Þá skiptir máli hver lengi umsækjendur hafa sinnt slíkum störfum þar sem fyrstu árin vega sem endranær mun þyngra en árin sem á eftir fara.

Að þessu gættu standa umsækjendur jafnir í þessum matsþætti. *Eiríkur Elís* og *Eyvindur* hafa báðir langa og viðtæka reynslu af ýmsum stjórnunarstörfum innan ýmissa nefnda og stofnana og að hafa starfað sem deildarforsetar lagadeilda við Háskóla Íslands annars vegar og Háskólann í Reykjavík hins vegar. *Þorbjörg Inga* á að baki áratugalanga reynslu af rekstri eigin lögmannstofu og hefur um árabil fengist við ýmis önnur stjórnunarstörf. Eru því ekki efni til að gera upp á milli umsækjenda að þessu leyti.

5.8. Reynolds af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

Hér á eftir verða rakin önnur störf og verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við og nýtast myndu þeim í störfum við Landsrétt að mati dómnefndar, enda hafi þeirra ekki áður verið getið, svo sem í köflum 5.5. og 5.7.

Eiríkur Elís Þorláksson hefur setið í réttarfarfsnefnd frá árinu 2022. Hann aðstoðaði við gerð frumvarps er síðar varð að lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup og hefur komið fyrir þingnefndir og veitt álit um lagafrumvörp. Hann hefur að lágmarki sextíu sinnum verið dómkvaddur sem matsmaður og yfirmatsmaður í skaðabótamálum og samið mikinn fjölda matsgerða í slíkum málum. Einnig hefur hann verið tilnefndur sem sérfræðivitni í erlendum dómsmálum í Lúxemborg, Englandi, Þýskalandi og Svíþjóð um skýringar á ákvæðum íslenskra laga á ýmsum

réttarsviðum. Hann var framkvæmdastjóri Bókaútgáfunnar Codex (áður Bókaútgáfa Orators) 1999 til 2001 og sat í stjórn útgáfunnar 2002 til 2007, þar af sem formaður 2005 til 2007. Þá var hann formaður handknattleiksdeildar Gróttu 2009 til 2014.

Eyvindur G. Gunnarsson hefur reynslu af samningu lagafrumvarpa fyrir ráðuneyti, ýmist einn eða með öðrum, auk þess sem hann hefur verið ráðuneytum óformlega til ráðgjafar við samningu lagafrumvarpa. Þá hefur hann setið í nefndum og verið starfsmaður nefnda sem hafa haft það hlutverk að semja lagafrumvörp. Hefur hann þannig komið að vinnu við 14 lagafrumvörp á ýmsum sviðum. Hann hefur verið dómkvaddur sem matsmaður eða yfirmatsmaður í um 60 málum, einkum málum vegna líkamstjóna, en einnig um flókin álitaefni, svo sem fasteignaréttindi, vatnsréttindi, landskipti, útboð vegna einkavæðingar o.fl. Einnig var hann margoft sérfræðivitni (um 20 mál) til að bera um inntak íslensks réttar fyrir erlendum dómstólum í kjölfar bankahrunsins haustið 2008, fyrst og fremst í Bandaríkjunum og Englandi, en einnig í Lúxemborg, Hollandi, Kanada og Sviss. Einnig hefur hann tvívegis verið sérfræðivitni um íslenskan rétt fyrir gerðardómi Alþjóða verslunarráðsins (International Chamber of Commerce). Þá hefur hann samið fjölda álitsgerða, bæði fyrir opinberar stofnanir og einkaaðila, sem sumar hafa birst opinberlega. Hann var lögfræðilegur ráðgjafi rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna. Jafnframt var hann lengi ráðgjafi Kauphallar Íslands (síðar Nasdaq Iceland), einkum í tengslum við bankahrúnið.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir hefur frá árinu 1993 verið sjálfboðaliði í Kvennaráðgjöfinni sem veitir ókeypis félags- og lögfræðiráðgjöf fyrir konur. Hún var einnig lögfræðiráðgjafi og verkefnastjóri hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands 2010 til 2024. Þá hefur hún tekið þátt í ýmsu nefndarstarfi og sat meðal annars í jafnréttisráði Íslands 2001 til 2009.

5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður

Eins og áður greinir koma einungis til álita við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti þau störf, sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem

stjórnsýslustörf eða stjórnun, enda geti þau að mati dómnefndar varpað ljósi á hæfni þeirra til að gegna embætti dómara við Landsrétt.

Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið er *Eyvindur* fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats, þá *Eiríkur Elís* og loks *Þorbjörg Inga*.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Einnig verði hann að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

Hvað þennan þátt mats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði. Markmið með því mati er að kanna hvort umsækjandi hafi þau tök á réttarfarsreglum að hann búi yfir þessari sérstöku starfshæfni sem fjallað er um í 4. tölulið 4. gr. reglnanna.

Það er álit dómnefndar að allir umsækjendur hafi með námi sínu og störfum öðlast nægilegt vald á réttarfarsreglum til að geta sinnt störfum landsréttardómara. Með tilliti til þeirra starfa, sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum, lítur dómnefnd eining svo á að þeir séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel.

Það er því niðurstaða nefndarinnar að ekki séu efni til að gera upp á milli umsækjenda hvað þennan matsþátt varðar.

6. Færni umsækjenda til að semja dóma

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er meðal annars vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega þekkingu

og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Dómsúrlausnir hans og stjórnarsýsluúrskurðir sem og málflutningsskjöl geta auk annars veitt vísbendingar um hversu vel hann er að sér þegar kemur að því að beita réttarheimildum og skýra lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi ætti með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. einnig dóma Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017. Hefur nefndin lagt áherslu á það sjónarmið í mati sínu að horfa til færni umsækjenda til að nýta lögfræðilega þekkingu sína og starfsreynslu við úrlausn dómsmála. Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á færni hvers og eins umsækjendanna þriggja til að semja dóma. Hefur verið horft til þeirra framlaga sem fylgdu umsóknum þeirra og annarra gagna, sem kallað var eftir við meðferð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020.

Vegna þess að starfsreynsla umsækjenda er ólík innbyrðis hefur dómnefnd þurft að beita mismunandi aðferðum í þessum hluta matsins. Í tilviki tveggja umsækjenda valdi nefndin til nánari skoðunar sex dómsúrlausnir þar sem reyndi á færni til að beita kunnáttu á sem flestum réttarsviðum. Með áþekktum hætti voru teknar til nánari skoðunar stefnur, greinargerðir og stjórnarsýsluúrskurður eins umsækjanda sem hefur starfað sem lögmaður og flutt mál fyrir æðri dómi. Af þessum skjölum voru dregnar rökstuddar ályktanir um færni þeirra hvers um sig til að semja dóma. Einnig var litið til bóka, bókarkafla og fræðigreina tveggja umsækjenda sem fylgdu umsóknargögnum og þeir upplýstu nefndina um að hafa staðið einir að auk þess sem litið var til annarra gagna sem fylgdu umsóknum. Var jafnframt lagt mat á færni umsækjenda til að semja dóma á grundvelli þessara framlaga.

Við þennan hluta matsins var sjónum einkum beint að því hvernig umsækjendum hefur tekist að nýta þá lögfræðilegu þekkingu, sem þeir búa yfir, við að greina álitafninn sem um var að ræða og eftir atvikum að leysa úr þeim. Þegar borin er saman færni einstakra umsækjenda til að semja dóma var jafnframt litið til þess hversu fjölbreytt lögfræðileg úrlausnarefni þeir hafa fengist við, sér í lagi hin síðari ár, og hversu flókin úrlausnar þau hafa verið. Loks hefur sem fyrr segir verið höfð hliðsjón af öðrum skrifum umsækjenda um lögfræðileg efni.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að allir umsækjendur búi yfir hæfni til að semja dómsúrlausnir. Þá er það jafnframt niðurstaða nefndarinnar í þessum matsþætti að umsækjendurnir *Eiríkur Elís* og *Eyvindur*, í stafrófsröð, séu færastir umsækjenda til að semja dóma. Því til stuðnings er einkum vísað til dómsúrlausna sem þeir hafa samið atkvæði að sem settir dómara í Landsrétti sem sum hver teljast vera flókin úrlausnar í lögfræðilegum skilningi. Þá hafa þeir báðir sýnt fram á hæfni að þessu leyti með yfirgripsmiklu framlagi þeirra til rannsókna á fjölbreyttum sviðum lögfræði og starfsreynslu að öðru leyti. Standa þessi tveir því fremstir umsækjenda að þessu leyti.

7. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hvort einhver umsækjenda sé öðrum hæfari til að gegna embætti dómara við Landsrétt eða hvort þeir séu jafn hæfir til þess. Að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum við heildarmat dómnefndar.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og, eftir því sem kostur er, hlutlægu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum landsréttardómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni sem umsækjendur hafa fengist við séu

fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði og hve langt er liðið frá því þeir gegndu slíkum störfum. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma önnur atriði ekki síður til álita, þá einkum færni við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi. Mat nefndarinnar er heildarmat allra framan greindra matsþátta.

Eins og gerð er grein fyrir í kafla 6 er það mat dómnefndar að *Eiríkur Elís* og *Eyvindur* hafi með dómsúrlausnum þeirra og öðrum framlögum sem tekin voru þar til skoðunar, sýnt mesta færni umsækjenda til að semja dóma. Í köflum 5.2. til 5.9. hér að framan hefur jafnframt verið fjallað um einstaka matsþætti þar sem reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum og reynsla af stjórnsýslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi hver þáttur um sig. Þegar litið er til þeirra þátta og jafnframt til mats á færni umsækjenda til að leysa úr málum sem koma til kasta Landsréttar sem fjallað er um í kafla 6 er það mat dómnefndar að þótt umsækjendur hafi allir öðlast þá fjölbreyttu lögfræðilegu þekkingu, sem gera verður kröfu um að landsréttardómari hafi til að bera standi umsækjendurnir *Eiríkur Elís* og *Eyvindur* þar fremstir umsækjenda. Að gættri þeirri starfsreynslu sem *Eyvindur* hefur aflað sér samfelld frá 1. október 2024 sem settur dómari við Landsrétt og matsþættir allir virtir í heild er það jafnframt niðurstaða nefndarinnar að *Eyvindur* standi fæti framar *Eiríki Elísi* í heildarmati dómnefndar.

Að virtum öllum framangreindum matsþáttum í heild og með skírskotun til alls þess sem áður greinir og fram kom meðal annars í viðtölum við umsækjendur og umsögnum um þá er það niðurstaðan af heildstæðu mati dómnefndar að *Eyvindur G. Gunnarsson* sé hæfastur umsækjenda til að gegna embætti dómara við Landsrétt.

Eyvindur G. Gunnarsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1996 og LL.M.-námi við Duke University School of Law 1998. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1997 og sem hæstaréttarlögmaður 2006. Hann starfaði sem deildarstjóri í umhverfissráðuneytinu 1996 til 1997, var aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 1998 til 2000 og deildarsérfræðingur í iðnaðar- og

viðskiptaráðuneytinu árið 2000. Hann var sjálfstætt starfandi lögmaður frá 2000 til 2006 og stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 1999 til 2006. Þar var hann lektor við deildina frá 2006 til 2010, dósent frá 2010 til 2013 en hefur frá þeim tíma verið prófessor, þar af forseti lagadeildar Háskóla Íslands frá 2013 til 2016. Umsækjandinn var settur dómari við Landsrétt frá 1. október 2024. Hann hefur ritað sex bækur, þar af fimm ásamt öðrum og yfir 40 greinar og bókarkafli á sviði lögfræði ýmist einn eða ásamt öðrum og eru flest þessara framlaga ritrýnd. Samhliða fyrrnefndum störfum hefur hann sinnt margþættum aukastörfum. Má þar helst nefna að hann var settur dómari í tíu málum í Hæstarétti 2018 og í einu máli fyrir Landsrétti 2023. Þá var hann dómandi við Endurupptökudóm á tímabilinu 2021 til 2024 og hefur fimm sinnum tekið sæti í gerðardómi. Hann hefur setið í stjórnnum nokkurra ríkisstofnana, meðal annars Samkeppniseftirlitsins 2013 til 2017, þar af sem stjórnarformaður í eitt ár. Þá hefur hann setið í ýmsum stjórnsýslunefndum, meðal annars áfrýjunarnefnd neytendamála 2007 til 2013 og sem formaður í ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlara, váttryggingafélaga og 2013-2024.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Eyvindur G. Gunnarsson sé hæfastur umsækjenda til að gegna embætti dómara við Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar 13. júní 2025.

Reykjavík, 15. september 2025


Ása Ólafsdóttir


Eva Bryndís Helgadóttir


Helga Melkorka Óttarsdóttir


Reimar Pétursson


Þorgeir Örlygsson